



PERSÓNU
VERND

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9/12 2019
Málsnr:	1912133
Bréfal:	0300

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 4. desember 2019
Tilvísun: 2019112219/HSP

Efni: Tilkynning um frumkvæðisathugun í tilefni af rafrænu eftirliti við skóla og leikskóla

Persónuvernd vísar til umfjöllunar í fjölmiðlum fyrr í þessari viku þar sem fram kom að Hafnarfjarðarbær hefði unnið að því á síðustu tveimur árum að koma upp eftirlitsmyndavélum við grunnskóla bæjarins. Í umfjölluninni kom fram að verkefninu lyki fyrir áramót með því að myndavélar yrðu settar upp við síðasta grunnskólann. Á nýju ári hæfist vinna við að setja upp eftirlitsmyndavélar við leikskóla bæjarins. Þá kom fram að eftirlitsmyndavélarnar væru bæði utanhúss og á völdum stöðum innandyra.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. og 3. tölul. 3. gr. auglýsingar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluaðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd skal slíkt mat ávallt framkvæmt þegar fyrirhugað er að viðhafa rafrænt eftirlit við skóla eða leikskóla á skóla-/vistunartíma. **Matið skal framkvæmt áður en vinnslan hefst.**

Með vísan til framangreinds hefur Persónuvernd ákveðið að hefja frumkvæðisathugun, sbr. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Lýtur athugunin að því hvort fyrirhuguð vöktun samrýmist ákvæðum laga nr. 90/2018.

Hér með er Hafnarfjarðarbæ tilkynnt um framangreint og boðið að koma á framfæri skýringum.

Persónuvernd óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá Hafnarfjarðarbæ um það hvort litið er svo á að Hafnarfjarðarbær sé ábyrgðaraðili vöktunarinnar í skilningi laga nr. 90/2018, sbr. skilgreiningu í 6. tölul. 3. gr. laganna.

Að því gefnu að svo sé óskar Persónuvernd jafnframt eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

1. Hvort mat á áhrifum á persónuvernd hefur verið framkvæmt vegna vöktunarinnar, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðarinnar). Ef svo er óskar stofnunin jafnframt eftir afriti af matinu.
2. Hvar eftirlitsmyndavélarnar eru/verða staðsettar (þ.e. utandyra og/eða innandyra, ásamt upplýsingum um það hvers konar rými verða vöktuð og hvort vöktun utandyra nær að einhverju leyti til svæða utan lóðamarka).
3. Hvernig vöktunin samrýmist 14. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einkum 1. og 4. mgr. ákvæðisins.
4. Við hvaða heimild vöktunin er studd, sbr. 9. gr. laga nr. 90/2018.
5. Hvernig vöktunin samrýmist þeim meginreglum um vinnslu persónuupplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einkum 1.-3. og 6. tölul. ákvæðisins.



6. Hvernig Hafnarfjarðarbær hyggst uppfylla fræðsluskyldu sína vegna vöktunarinnar, einkum gagnvart nemendum og forráðamönnum þeirra sem og starfsfólki viðkomandi skóla og leikskóla, sbr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 2. mgr. 17. laga nr. 90/2018.
7. Hvort samráð hefur verið haft við persónuverndarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar vegna vöktunarinnar, sbr. 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.
8. Hvort leitað hefur verið áhlits skráðra einstaklinga eða fulltrúa þeirra á vinnslunni, sbr. 9. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Er svara óskað eigi síðar en 18. desember 2019.

Um valdheimildir Persónuverndar vísast til 41. gr. laga nr. 90/2018.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Bjarni Freyr Rúnarsson

Afrit:

Hafnarfjarðarbær
B.t. persónuverndarfulltrúa
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður